

Akraneskaupstaður

Stillholti 16-18

300 Akranes

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
2.20.3	GÍÓ	- 8. JAN. 2019
Ábmr.	Urv. aðili	Málsnr. One
SFB	St. A	190/159

Akranes, 2 janúar 2019

BOÐUN TIL HLUTHAFAFUNDAR

Með vísan til hjálagðrar samrunaáætlunar dags. 1.nóvember 2018, er hér með boðað til hluthafafundar í Eignarhaldsfélaginu Speli hf. sem haldinn verður á Gamla Kaupfélaginu, Krikjubraut 11, Akranesi, þann 25. janúar nk. kl. 14.00.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Sameining félagsins við Spöl ehf.
3. Önnur mál

Á fundinum verður tekin fyrir tillaga stjórnar um samruna Spalar ehf. og Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. undir nafni þess fyrrnefnda. Stjórn félagsins mun ásamt endurskoðanda þess gera grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki tillögu stjórnar um samruna félagsins við Spöl ehf.

Eins og fram kemur í samrunaáætluninni er gert ráð fyrir því að hluthafar í Eignarhaldsfélaginu Speli hf. fái hluti í Speli ehf. sem endurgjald fyrir hluti sína í Eignarhaldsfélaginu Speli hf. í sömu hlutföllum.

Svo sem fram kemur í samrunaáætluninni munu samþykktir Spalar ehf. gilda um hið sameinaða félag. Til upplýsinga þá er ætlunin að leggja til eftirfarandi breytingar á samþykktunum á hluthafafundi í Speli ehf.:

Breyting á 3. gr.:

Í ljósi þess að tilgangur félagsins miðað við núgildandi samþykktir er uppfylltur og aðalstarfsemi félagsins ekki lengur í sömu mynd og áður var er lagt til að breyting verði gerð á 3. gr. samþykktanna. Stjórn félagsins leggur til að 3. gr. sem hljóðar: „*Tilgangur félagsins er að annast að nokkru eða öllu leyti undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu utanverðan Hvalfjörð svo og rekstur um tiltekin tíma, samkvæmt lögum nr. 45 frá 1990 um vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð og samkvæmt samningi við samgönguráðuneytið f.h. ríkisins dags. 22. apríl 1995*“ verði svohljóðandi: „*Tilgangur félagsins er að ljúka efndum á samningi samgönguráðuneytis f.h. ríkisins, dags. 22. apríl 1995, þ.m.t. standa að uppgjöri við eigendur og viðskiptavinum, og annar rekstur því tengdur svo sem eignaumsýsla, fjárfestingar, lánastarfsemi og skyldur rekstur.*“

Breyting á 4. gr.:

Í samræmi við 3. gr. samrunaáætlunar, dags. 1. nóvember 2018, munu skiptihlutföll verða með þeim hætti að hluthafar í Eignarhaldsfélaginu Speli hf. eignast 100% í sameinaða félaginu í sömu hlutföllum og eignarhlutur þeirra í Eignarhaldsfélaginu Speli hf. var fyrir samruna. Nafnverð hlutafjár Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. helst óbreytt í samrunanum og þar sem félagið á 100% eignarhlut í yfirtökufélaginu leiðir það til þess að hlutafé Spalar ehf. lækkar sem nemur þeim eignarhluta (eigin bréf). Mun hlutafé Spalar ehf. skv. 1. mgr. 4. gr. samþykktu því lækka um kr. 64.240, þ.e. úr kr. 86.000.000 í kr. 85.935.760.

Í samræmi við ofangreint, og eðli máls samkvæmt, er lagt til að 2. mgr. 4. gr., sem hljóðar svo: „Við stofnun félagsins er hlutafé félagsins einn hlutur en stjórn félagsins er heimilt að skipta hlutum í félaginu samkvæmt ósk hluthafa“ verði svohljóðandi: „Hlutir félagsins skiptast í það margfeldi einnar krónu sem hver hluthafi á í félaginu á hverjum tíma“.

Breyting á 5. gr.:

Stjórn félagsins leggur til að 2. málsliður 1. mgr. 5. gr. sem hljóðar svo: „sbr. þó sérstakt samkomulag dags 22. apríl 1995 milli samgönguráðherra og fjármálaráðherra annarsvegar við Eignarhaldsfélag Spalar hf, kt. 710191-1589 (áður Spölur hf)“ verði felldur út.

Breyting á 16. gr.:

Stjórn félagsins leggur til að 4. mgr. 16. gr. sem hljóðar svo: „Aðili sem fer með réttindi fyrir a.m.k. 75% hlutafjár getur tilnefnt áheyrnafulltrúa til setu á stjórnarfundum. Áheyrnarfulltrúa skal boða til stjórnarfunda á sama hátt og stjórnarmenn. Áheyrnarfulltrúi tekur ekki þátt í afgreiðslu mála eða hefur þar tillögurétt“ verði felld út.

Bráðabirgðaákvæði

Stjórn félagsins leggur til að bráðabirgðaákvæði samþykktanna sem hljóðar svo: „Fyrsta reikningsár félagsins eftir breytingu er frá 1. október 2010 til 31. desember 2011“ verði felld út.

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.

*F. M. Stjórnar
Munnarhunnar
formatur.*